



Reglur um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

I. kafli

Almennt um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Í reglum þessum er fjallað um þjónustu samkvæmt framangreindum lögum. Orðið stuðningur er í reglum þessum notað yfir þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

2. gr.

Markmið

Stuðningurinn er til handa foreldrum, forsjáraðilum og eftir atvikum vistunaraðilum við uppeldi barna eða til að styrkja þá í uppeldishlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er stuðningurinn til handa börnum og fjölskyldum þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna.

Lögð skal áhersla á að styrkja fatlaða foreldra við að halda heimili og taka þátt í samfélaginu. Leggja ber áherslu á sérhæfða ráðgjöf, hjálfun og félagslegan stuðning til þess að hvetja til félagslegs samneytis.

Þegar börnum er veittur stuðningur skal hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðlar að félagslegri aðlögun þess, þroska og farsæld. Börn skulu hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, án hindrana.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum skal ætíð koma fram í stuðningsáætlun eða áætlun máls eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er til handa þeim sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan.

Stuðningur skal ávallt metinn í samhengi við heildarmat allrar þeirrar þjónustu sem veitt er til barns og fjölskyldu þess. Umsóknir eru metnar af matsteymum velferðarsviðs, annars vegar barna- og fjölskylduteymi (þegar stuðningurinn snýr að þörfum barnsins) og hins vegar stuðnings- og stoðþjónustuteymi (þegar stuðningurinn snýr að heimilinu og forráðamönnum barns). Þó eru umsóknir um styrki til að breyta húsnæði fyrir fötluð börn, sbr. IV. kafli reglna þessara, metin af fagráði sviðsins. Fagráðið tekur fyrir erindi frá öðrum matsteymum velferðarsviðs í málum þar sem óskað er eftir þjónustu sem er ekki til eða þar sem kostnaður myndi fara fram úr áætlun.

Ef þjónustuveitandi eða sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barns tekur eftir og greinir vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og að barnið þurfi frekari þjónustu en þegar er veitt, skal hann veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu.

Við veitingu stuðnings til fjölskyldna skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

Um er að ræða eftirfarandi stuðning:

- a) *Málstjóri þegar þörf er á samþættri þjónustu:* Málstjóri stýrir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sem hefur þörf fyrir annars eða þriðja stigs þjónustu. Hlutverk málstjóra er m.a. að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns, aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns, gera stuðningsáætlun og fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við áætlunina. Málstjóri stofnar stuðningsteymi þar sem sitja fulltrúar þjónustuveitenda sem veita barni þjónustu. Þjónustuveitendum er skylt að taka þátt í því samstarfi sem mælt er fyrir um í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Stuðningsteymið vinnur í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Teymið skal útbúa eins fljótt og kostur er skriflega stuðningsáætlun og funda reglulega um framkvæmd áætlunarinnar.
- b) *Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf:* Markmið með foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er að aðstoða og leiðbeina foreldrum, forsjáraðilum eða vistunaraðilum við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og aðbúnað barna. Stuðningur er veittur innan sem utan heimilis, s.s. með skipulag heimilishalds, ráðgjöf og viðtölum. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.
- c) *Námskeið:* Markmið námskeiða er að efla félagsfærni, uppeldisfærni og líðan barna og fjölskyldna. Einhver námskeið kunna að vera haldin í samvinnu við fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar.
- d) *Hópastarf fyrir 6-18 ára:* Markmið hópastarfs er að rjúfa félagslega einangrun og efla lífsleikni og samfélagsþátttöku. Lögð er áhersla á félagsfærni og athafnir sem krefjast

samskipta auk þess að kenna barni að vera í hópi og efla sjálfstraust þess og jákvæð samskipti. Hópastarf er liður í að efla einstaklinga til aukinnar sjálfshjálpar og er alla jafna á forræði fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar.

e) *Einstaklingsstuðningur fyrir 6-18 ára:* Markmið með einstaklingsstuðningi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku, efla börn til aukinnar sjálfshjálpar og léttu álagi af fjölskyldu og barninu sjálfu. Einstaklingsstuðningur er hægt að veita í ýmsu formi eftir því sem þörf krefur, svo sem með tilsjón, persónulegum ráðgjafa eða í formi viðtala. Einstaklingsstuðningur (félagsleg liðveisla) getur verið á forræði fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar.

f) *Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára:* Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra, forsjáraðila eða vistunaraðila í uppeldishlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu miðast alla jafna við sólarhringsþjónustu. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu til að koma til móts við þörf á dagsdvöl. Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu er að jafnaði tveir sólarhringar í mánuði. Í sérstökum tilfellum þegar um umfangsmikinn vanda er að ræða er heimilt að veita undanþágu frá þessu tímaviðmiði, sé það mat þjónustuveitanda.

Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er.

Um stuðningsfjölskyldur er nánar fjallað í reglum Akureyrarbæjar um stuðningsfjölskyldur.

g) *Skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára:* Markmið með skammtímadvöl er að gefa börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins. Þörf fyrir þjónustu er metin út frá aðstæðum barns og fjölskyldunnar. Við matið er horft til fötlunar og þörf einstaklingsins fyrir aðstoð, sem og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

Stuðningur í skammtímadvöl er reglubundinn og er veittur til ákveðins tíma og er dvalartíminn breytilegur eftir aðstæðum hvers og eins, getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 15 sólarhringa í mánuði. Foreldrar, forsjáraðilar eða vistunaraðilar barns sem á rétt á skammtímadvöl geta fengið stuðning inn á heimili sitt í stað vistunar utan heimilis sé þess óskað og það talið samræmast faglegu mati og hagsmunum barns.

Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

Um skammtímadvöl er nánar fjallað í reglum Akureyrarbæjar um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni.

- h) *Helgardvöl*: Úrræðið er aðallega ætlað börnum á aldrinum 6 til 18 ára sem eru ýmist fötluð eða glíma við félagslega erfiðleika. Markmið helgardvalar er að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra fyrir stuðningsþjónustu utan heimilis, rjúfa félagslega einangrun og efla lífsleikni og samfélagsþátttöku. Helgardvöl er ekki sólarhringsdvöl.

Ráðgjafar hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar vísa fjölskyldum í helgardvöl ef talin er þörf fyrir úrræðið. Mat og forgangsroðun byggir á fylgiskjölum 1 og 2 með reglum þessum.

Um helgardvöl er nánar fjallað í reglum Akureyrarbæjar um stuðningsfjölskyldur.

- i) *Notendasamningar*: Einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir stuðnings- og/eða stoðþjónustu geta sótt um að gera notendasamning ef sýnt er fram á að það nýtist fjölskyldunni betur heldur en að velferðarsvið Akureyrarbæjar haldi utan um þjónustuna. Er þá gerður tvíhliða samningur milli velferðarsviðs og foreldra. Foreldri sér um skipulagningu er varðar framkvæmd þjónustunnar og getur ráðið til þess starfsfólk og/eða keypt þjónustu af einkaaðilum. Skuldbindingar vegna launa og réttinda þeirra sem störfín vinna eru alfarið á ábyrgð viðkomandi sem og ábyrgð og eftirlitskylda með störfum stuðningsaðila.

Um notendasamninga er nánar fjallað í reglum Akureyrarbæjar um notendasamninga.

- j) *Heimili fyrir börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára*: Markmið slíkra heimila er að veita börnum þjónustu sem þurfa umfangsmikla umönnun allan sólarhringinn. Þessi úrræði eru aðeins veitt að undangengnu mati sérfræðingateymis velferðarráðuneytisins um að fullreynt hafi verið að styðja barn á heimili fjölskyldu eða í nærsamfélagi þess.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðning við börn og fjölskyldur verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum:

- a) Umsækjandi og barn/börn hans sem umsókn lýtur að skulu eiga lögheimili í Akureyrarbæ eða í öðrum sveitarfélögum sem eru með þjónustusamning við Akureyrarbæ þegar sótt er um. Einnig er hægt að sækja um stuðning ef mál viðkomandi barns/barna er til vinnslu hjá barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Við sérstakar aðstæður geta ráðgjafar veitt undantekningu frá þessu skilyrði og samþykkt umsókn þrátt fyrir að lögheimili sé skráð annars staðar, að því gefnu að umsækjendur skrái lögheimili sitt hjá Akureyrarbæ þegar stuðningur hefst.

- b) Umsækjandi skal hafa forsjá barns/barna sem umsókn lýtur að. Lúti barn forsjá beggja foreldra en á lögheimili hjá öðru þeirra, skal kanna aðstæður og leita umsagnar hjá umgengisforeldri.
- c) Umsækjandi og barn/börn hans skulu vera metin í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum 3. mgr. 6. gr. í reglum þessum.

II. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn

Umsóknir um ráðgjöf og stuðning skulu berast í þjónustugátt Akureyrarbæjar. Umsækjandi er þá boðaður í ráðgjafaviðtal. Sé mál til vinnslu hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar geta starfsmenn þar haft milligöngu varðandi stuðning samkvæmt reglum þessum.

Leiði viðtöl í ljós að þörf sé á stuðningi samkvæmt reglum þessum skal umsækjandi undirrita umsókn þar sem hann sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum. Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda, samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1. Stuðningurinn skal nánar útfærður í samvinnu við ráðgjafa.

6. gr.

Mat á stuðningsþörf

Ef ráðgjafaviðtal leiðir í ljós að þörf sé á stuðningi þá aðstoðar ráðgjafi við að setja inn umsókn um viðeigandi stuðning. Telji ráðgjafi ekki þörf á stuðningi þá er viðkomanda samt sem áður heimilt að sækja um stuðning og ber ráðgjafa að aðstoða við það og fer umsóknin fyrir barna- og fjölskylduteymi sviðsins.

Umsóknir um stuðning eru metnar af viðeigandi matsteymi velferðarsviðs og haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan tveggja vikna frá því að umsókn um stuðning er gerð. Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og ráðgjafa og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar og barnsins. Mat á stuðningsþörf getur farið fram á skrifstofu velferðarsviðs, á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi umsækjanda, sé þess kostur. Niðurstaða mats skal koma fram í áætlun máls. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er ætíð að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu mögulegu lausna hverju sinni.

Við mat á þörf og forgangsröðun skal líta til eftirfarandi atriða:

- a) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- b) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- c) Færni og styrkleika.

- d) Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- e) Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum ber að synja umsókninni og umsækjanda leiðbeint um kæruleiðir.

7. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um meðferð máls hjá barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar ef um barnaverndarmál er að ræða en annars skal gera stuðningsáætlun eftir því sem við á. Áætlun skal liggja fyrir innan þriggja vikna frá því að mat á stuðningsþörf var klárað. Þar skal m.a. koma fram gildistími samþykktar, hvers konar stuðningur verði veittur, verkefni og vinnutilhögun. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn.

Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi, sbr. lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, skal 12 mánuðum áður en umsækjandi nær 18 ára aldri liggja fyrir áætlun um áframhaldandi stuðning.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. reglna þessara og fylgiskjali I með reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru í fylgiskjali nr. 2 með reglum þessum. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun og stuðningur getur hafist.

Ef fyrir séð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018, ef við á.

III. kafli Framkvæmd

9. gr.

Tími og umfang stuðnings

Almennt er stuðningur veittur milli kl. 07:00 og 23:00 en þó skal ávallt taka mið af þörfum barns og fjölskyldu.

Þjónusta skv. f., g. og j. lið 3. gr. reglna þessara er þó almennt veitt allan sólarhringinn.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir í samráði við ráðgjafa. Um umfang stuðningsþjónustu vísast til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem fram kemur að aðstoð geti numið allt að 15 klukkustundum á viku hvað varðar veitingu stuðningsþjónustu. Um stoðþjónustu vísast til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

10. gr.

Gildistími og endurmat

Þegar stuðningur hefst skal gerð stuðningsáætlun og stuðningur samþykktur til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar við-eigandi breytingar eða stuðningi lokið.

Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum fjölskyldu skal endurmeta stuðningsþörf. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja ára fresti.

IV. kafli.

Styrkir til að breyta húsnæði vegna fötlunar barna

11. gr.

Réttur til styrks vegna breytinga á húsnæði

Forsjáraðilar fatlaðra barna sem eru yngri en 18 ára geta sótt um styrk til þess að breyta húsnæði sínu, svo það henti þörfum barnsins sem best. Breytingin skal miða að því að barnið verði eins sjálfbjarga og kostur er á heimili sínu og aðstæður umönnunaraðila verði sem bestar.

Skilyrði þess að veittur verði styrkur er að barnið sé með fasta búsetu hjá forsjáraðilum og að lögheimili þess sé á Akureyri. Þá er það jafnframt skilyrði að fötlun barnsins kalli á breytingar á húsnæðinu þannig að það henti barninu betur til lengri tíma, hvort sem um nýtt eða eldra húsnæði er að ræða.

12. gr.

Umsókn um styrk

Til að sækja um styrk til að breyta húsnæði vegna fötlunar barns þarf fyrst að panta viðtal hjá ráðgjafa á velferðarsviði Akureyrarbæjar.

Ráðgjafi aðstoðar við gerð umsóknar en í umsókninni þurfa að koma fram upplýsingar um umsækjanda, m.a. lögheimili, persónulegar aðstæður og færniskerðingu, þær breytingar sem óskað er eftir að verði gerðar, kostnaðaráætlun og annað sem máli skiptir varðandi umsóknina. Velferðarsvið getur óskað eftir læknisvottorði eða greinargerð frá fagaðila, þyki ástæða til.

13. gr.

Mat á umsókn

Innan tveggja vikna frá því að umsókn um styrk er gerð skal ráðgjafi hafa samband við umsækjanda og hefja mat á þörf fyrir breytingar.

Við matið er litið til húsnæðis og hvernig best er að breyta því þannig að það mæti þörfum barnsins. Tekið er mið af fötlun barnsins og hvaða þörf er á breytingum. Við matið er kallað eftir upplýsingum frá fagaðilum sem þekkja til barnsins og þarfa þess. Leitað er til fagaðila með sérþekkingu á aðgengismálum fyrir fatlaða til að fá faglegar leiðbeiningar um hvernig best sé að breyta húsnæðinu þannig að breytingarnar uppfylli tilgang reglna þessara.

Áður en endanleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin skal liggja fyrir samþykki skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar og tryggt að sótt hafi verið um nauðsynleg leyfi til breytinga samkvæmt niðurstöðu matsins.

Fagráð velferðarsviðs Akureyrarbæjar skal meta umsóknir og taka ákvörðun um styrkveitingu.

Breytingar skulu gerðar á sem hagkvæmastan hátt. Hægt er að vísa umsókn frá ef í ljós kemur að barnið geti orðið jafn vel eða betur sjálfbjarga á heimili sínu með réttum hjálpartækjum. Í þeim tilfellum skulu foreldrar aðstoðaðir við að sækja um viðeigandi hjálpartæki.

14. gr.

Fjárhæð styrks

Fjárhæð styrks fer eftir fjárveitingum hverju sinni og er að hámarki 30% af útlögðum kostnaði við breytingarnar samkvæmt framlögðum reikningum en þó aldrei hærrí en kr. 1.200.000, að teknu tilliti til endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Styrkur er ekki greiddur út fyrir en framkvæmdum er lokið og endanlegur kostnaður liggur fyrir.

V. kafli.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

15. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um ráðgjöf og stuðning berst. Ráðgjafi skal hafa samband við umsækjanda og bjóða honum viðtal innan þriggja vikna frá því að umsókn barst. Sama á við ef barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirjácánlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

16. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á. Leita skal eftir afstöðu barns eða eftir atvikum hafa samráð við það, eftir því sem aldur og þroski þess leyfir, um málefni þess áður en ákvörðun um veitingu stuðnings er tekin.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

17. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans.

18. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðning samkvæmt reglum þessum er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

19. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

20. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarsviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

21. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

22. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun ef ákvörðuninni fylgdi ekki rökstuðningur.

Þá skal tilkynna foreldrum barns um niðurstöðu stuðningsteymis, sé um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns að ræða, og veita rökstuðning samhliða ef teymið ákveður að ljúka störfum án stuðningsáætlun. Vilji foreldri ekki una þeirri ákvörðun getur það beint kvörtun til Gæða- og eftirlitsstofnunnar velferðarmála.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um leið rétt hans til áfrýjunar til velferðarráðs og eftir atvikum Úrskurðarnefndar velferðarmála að fengnum rökstuðningi.

23. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi að fengnum rökstuðningi áfrýjað til velferðarráðs Akureyrarbæjar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Velferðarráð tekur þó ekki ákvörðun í barnaverndarmálum, um málskot og kvartanir í þeim málum er fjallað um í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til Úrskurðanefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs. Heimilt er að skjóta úrskurðum og öðrum stjórnvaldsákvörðunum barnaverndarþjónustu, umdæmisráða barnaverndar og Barna- og fjölskyldustofu til úrskurðarnefndar velferðarmála, eftir því sem nánar er kveðið á um í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt m.a. á grundvelli barnaverndarlaga, laga um Barna- og fjölskyldustofu, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Notendur þjónustu geta beint kvörtun yfir gæðum þjónustunnar til Gæða- og eftirlitsstofnunar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála nr. 88/2021.

24. gr.

Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að hún var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjaráð.

25. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. desember 2023 og á sama tíma falla úr gildi reglur um styrki til að breyta húsnæði vegna fötlunar barna dagsettar 1. júní 2011.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 6 mánuði eftir gildistöku reglna þessara. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurskoðun á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.

Fylgiskjal 1.

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Grundvallargildi við mat á stuðningsþörfum

- Matið tekur til heildaraðstæðna fjölskyldna.
- Foreldrar þekkja börn sín best og vilja þeim það besta.
- Börn og fjölskyldur eru ólík og einstök.
- Börn dafna best í fjölskyldu og samfélagi þar sem stuðningur er góður.
- Heildaraðstæður fjölskyldna hafa áhrif á líðan og hegðun barns.

Vinna skal í samstarfi við foreldra og börn við að greina þarfir og forgangsraða út frá þeirra eigin sjónarhorni.

Við mat á stuðningsþörf skal horft til eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis:

1. Færni/geta og styrkleikar

- a) Færni og styrkleikar.
- b) Samskipti og félagsleg virkni.
- c) Áhugamál.
- d) Umönnunar- og stuðningsþörf (ef við á).

2. Félagslegar aðstæður og tengslanet

- a) Fjölskylduaðstæður.
- b) Nánasta tengslanet.
- c) Ráðgjöf og stuðningur utan sveitarfélags.
- d) Líðan barns/barna.

3. Samfélagsleg þátttaka, valdefling og virkni

- a) Samskipti og félagsleg virkni.
- b) Virkni í skóla, frístund, frítíma og/eða vinnu.

4. Önnur atriði (ef við á)

- a) SIS- mat.
- b) Umönnunarmat.
- c) Fötlunargreining og/eða aðrar greiningar sem taldar eru skipta máli við mat á stuðningsþörf.
- d) Stuðningsþarfir.
- e) Annað sem umsækjandi vill taka fram varðandi fötlun eða andlega og líkamlega heilsu.
- f) Virk einstaklingsbundin þjónustuáætlun eða einstaklingsáætlun.
- g) Aðrar mikilvægar upplýsingar.

Fylgiskjal 2.

Forgangsröðun samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum, á fylgiskjali 1, þar sem litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika.
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda.
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær.

1. Neyðarástand.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning s.s. þegar barni er hætta búin og mál þess er til meðferðar hjá barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

2. Snemmtæk íhlutun.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að grípa þarf inn í aðstæður fjölskyldu í forvarnaskyni, til þess að fyrirbyggja þróun til verri vegar og þörf fyrir meiri háttar inn grip síðar meir. Töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

3. Stuðningur til staðar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur. Einnig getur verið um að ræða umsækjanda sem er með langvarandi stuðningsþarfir.

4. Töf hefur óverulegar afleiðingar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.